

fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur. Sláturhús skal sjá dýralækni fyrir hæfilegri aðstoð við merkingu kjötsins, ef þess er óskað.

6. Dýralækni ber ókeypis flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá heimili hans, sem unnt er. Ef dýralæknir leggur sér til farkost sjálfur, ber þeim aðila eða aðilum, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað, þ.m.t. akstur á eigin bifreið, enda haldi þeir akstursdagbók skv. reglum ferðakostnaðarnefndar. Á ferðum ber dýralækni að fá ókeypis fæði og gistingu eða greiðslu fyrir það, svo og annan útlagðan kostnað, t.d. símakostnað.
7. Þegar dýralæknir ferðast í þágu hins opinbera, ber honum að fá greiddan fæðis- og ferðakostnað, samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar, skv. akstursbók sbr. 6. tl.
8. Vitjunum, er berast fyrir kl. 14.00 virka daga, skal sinnt í dagvinnu. Á aðrar vitjanir skal reiknað 60% álag, enda sé ekki gerlegt að sinna þeim innan reglulegra dagvinnumarka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 77 1. október 1981 um dýralækna með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 1989. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 291 31. maí 1989.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. júlí 1989.

F. h. r.

Jóhann Guðmundsson.

Sveinbjörn Eyjólfsson.

Nr. 343

3. júlí 1989

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Skagastrandar 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. júlí 1989 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Skagastrandar 1988–2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 3. júlí 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.